

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 10. apríl kl. 9:04, var haldinn 34. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal Viðstödd voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson og Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Marta Grettisdóttir, Sigurjóna Guðnadóttir og Gunnar Hersveinn Sigursteinsson. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 1-10 og 15-21. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir liðum 5, 11 og 13. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 5. apríl 2019.

2. **Skerjafjörður Þ5, rammaskipulag, deiliskipulag** Mál nr. SN170833

Kynnt staða á vinnu við gerð deiliskipulags fyrir nýjan Skerjafjörð. Einnig er lagt fram minnisblað verkefnastjóra dags. mars 2019
Kynnt.

Kl. 9:40 tekur Kristín Soffía Jónsdóttir sæti á fundinum.

Fulltrúar Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar bóka: Við þökkum vandaða vinnu við undirbúning deiliskipulags fyrir nýtt uppbyggingarsvæði við Skerjafjörð. Hún er ýtarleg og fagleg og byggir á grunni rannsókna. Rammaskipulagið sem liggur að baki deiliskipulagsvinnunni fékk verðlaun skipulagsfræðingafélags Íslands í byrjun ársins. Þarna mun rísa vistvæn og aðlaðandi byggð sem snýr til suðurs við sjávarsíðuna. Íbúðirnar munu verða kærkomin viðbót við þau íbúðarsvæði sem nú eru í uppbyggingu í borginni. Gert er ráð fyrir grunnskóla í hverfinu auk þjónustu og verslunar, sem styður við sjálfbærni hverfisins og breyttar ferðavenjur. Sú hugmynd að úthluta einstaka reitum til lítilla og stórra uppbyggingaraðila, byggingarfélaga stúdenta og verklyðshreyfingarinnar lofar góðu.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri, Snorri Sigurðsson verkefnisstjóri, fulltrúi Eflu Ólafur Árnason, fulltrúi SEA Óli Örn Eiríksson og fulltrúi ASK arkitekta Páll Gunnlaugsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Elliðaárdalur frá Rafstöðvarvegi vestur fyrir Reykjanesbraut, framkvæmdaleyfi** (04.2) Mál nr. SN180786
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram til kynningar umsókn Veitna ohf. dags. 7. nóvember 2018 um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar veitukerfa í Elliðaárdal frá Rafstöðvarvegi vestur fyrir Reykjanesbraut. Einnig er lögð fram útboðs- og samningsskilmálar

og verklýsing ódags., ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 3. september 2018 um matsskyldu, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. nóvember 2018, drög að verkáætlun og lokunum dags. 25. janúar 2019 og teikningahefti Veitna ohf. dags. í janúar 2019.

Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri, fulltrúi Veitna Hörður Jósef Harðarson og fulltrúi Mannvits Brynjólfur Björnsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Hólmsheiði, athafnasvæði, nýtt deiliskipulag** (04.4) Mál nr. SN170467

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Skipulagssvæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnasvæði, með fjölbreyttum atvinnulóðum innan svæðis, undir ýmis konar starfsemi sem fellur að markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þ.á.m. lóðum fyrir gagnaver, skv. uppdráttum Arkís arkitekta dags. 18. október 2018 br. 5. apríl 2019. Einnig er lögð fram greinargerð, skipulagsskilmálar og umhverfisskýrsla Arkís arkitekta ehf. dags. 18. október 2018 br. 5. apríl 2019. Jafnframt er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, greinargerð Íslenskra orkurannsókna dags. 1. september 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. september 2018. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Veitur dags. 31. janúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn Mosfellsbæjar dags. 18. febrúar 2019, umsögn Umhverfisstofnunar dags. 8. mars 2019, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2019, umsögn Landsnets dags. 11. mars 2019 og minnisblað VSÓ ráðgjafar dags. 11. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. apríl 2019.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. apríl 2019.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Samgöngumál

5. **Mat á losun bifreiða á höfuðborgarsvæðinu árið 2030,** Mál nr. US190117

Lagt fram minnisblað sérfræðingahóps HR og HÍ um mat á losun gróðurhúsalofttegunda frá umferð á höfuðborgarsvæðinu árið 2030.

Kynnt.

Fulltrúar Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar bóka:

Mat á losun gróðurhúsalofttegunda frá fólksbifreiðum á höfuðborgarsvæðinu árið 2030 sýnir að nauðsynlegt er ráðast í metnaðarfullar aðgerðir til að standast skuldbindingar Parísarsamkomulagsins. Þar kemur í ljós að rafbílavæðing og aukin sparneytni bifreiða er langt frá því að vera nægjanleg til að mæta markmiðum samkomulagsins. Þörf er á öðrum aðgerðum sem draga úr akstri bifreiða á höfuðborgarsvæðinu til að ná settum markmiðum. Loftslagsmál eru mikilvægasta mál samtímans og það skiptir öllu máli að við látum ekki okkar eftir liggja, hvorki á líðandi stundu né á þeim tíma sem framundan er. Lagt er til að minnisblaðið verði nýtt sem grunnur að vinnu fyrir ný og metnaðarfullri markmið um breyttar ferðavenjur í aðalskipulagi.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

Reykjavík getur gert betur í rafbílavæðingu bílaflotans enda í kjöraðstöðu sem eigandi Orkuveitu Reykjavíkur. Noregur hefur náð miklum árangri þar sem nú er annar hver nýr bíll rafbíll. Þó Ísland hafi náð ákveðnum árangri í rafbílavæðingu og orkuskiptum erum við eftirbátar Norðmanna. Íslenskt rafmagn er græn orka. Borgin hefur stigið varfærnisleg skref í átt að bættu aðgengi til að hlaða rafbíla. Nú er kominn tími til að taka stærri og metnaðarfullri skref í þessa átt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins áréttar að samkvæmt skýrslunni kynnt á fundi Skipulags- og samgönguráðs 10. 4. 2019 um útblástursmengun frá umferð í Reykjavík, þá verði ekki beitt boðum og bönnum við fækkun bifreiða í borginni heldur leitað leiða til að fækka umferð með eðlilegum hætti, t.d. með að beita aðferðum nýsköpunar. Þannig verði bæði hægt með skjótari hætti hægt að raf- og metanvæða bílaflotann samfara fækkun með því að bjóða upp á aðra kosti til fólksflutninga með einkabílnum.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri, Hrönn Hrafnadóttir sérfræðingur, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Eyjólfur Ingi Ásgeirsson HR og Brynhildur Davíðsdóttir HÍ taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

6. **Stekkjjarbakki Þ73**, nýtt deiliskipulag (04.6) Mál nr. SN160907

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Landslags ehf. dags. 14. desember 2018 að deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73. Um er að ræða nýtt skipulag á svæðinu norðan Stekkjarbakka þar sem er skilgreint opið svæði og þróunarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í tillögunni eru skilgreindar nýjar lóðir, byggingareitir og hámarks byggingarmagn á svæðinu. Sýndar eru nýjar aðkomur inn á svæðið og fjöldi bílastæða skilgreint. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2019 til og með 4. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/ábendingar: Guðrún Bára Gunnarsdóttir dags. 30. janúar 2019, Halldór Páll Gíslason, f.h. Hollvínasamtaka Elliðaárdalsins dags. 7. febrúar 2019, Stefán Jón Hafstein, dags. 19. febrúar 2019, Páll Ísólfur Ólason og fjölskylda dags. 26. febrúar 2019, Hallur Heiðar Hallsson, dags. 1. mars 2019 2019, Guðrún Helga Theodórsdóttir dags. 2. mars 2019, Linda Rós Guðmundsdóttir dags. 2. mars 2019, Halldór Frímansson dags. 3. mars 2019, Hjördís Hendriksdóttir dags. 3. mars 2019, Guðjón Sigurbjartsson dags. 3. mars 2019, Sædís Þorleifsdóttir dags. 3. mars 2019, Kolbrún Elíasdóttir og Björn Bjarnason dags. 3. mars 2019, Signý Sæmundsdóttir dags. 3. mars 2019, Ólafur Kr. Guðmundsson dags. 3. mars 2019, Anna Kristín Einarsdóttir dags. 3. mars 2019, Sigurður Sigurjónsson dags. 3. mars 2019, Hildur Nielsen dags. 3. mars 2019, Halldóra Sveinsdóttir dags. 3. mars 2019, Edda Kristín Reynis dags. 3. mars 2019, Hallur Heiðar Hallsson dags. 3. mars 2019, Guðbjörg Eggertsdóttir dags 3. mars 2019, Jósep Valur Guðlaugsson dags. 4. mars 2019, Sveinn Atli Gunnarsson dags. 4. mars 2019, Jón Smári Úlfarsson dags. 4. mars 2019, Bergljót Rist dags. 4. mars 2019, Valgerður Sigurðardóttir dags. 4. mars 2019, Guðmundur Eyjólfsson dags. 4. mars 2019, Tryggvi G. Tryggvason dags. 4. mars 2019, Unnur Sveinsdóttir og Hafþór Snæbjörnsson dags. 4. mars 2019, Auðna Ágústsdóttir dags. 4. mars 2019, Birkir Björnsson dags. 4. mars 2019, Sigurlaug Jónsdóttir dags. 4. mars 2019, Anni G. Haugen dags. 4. mars 2019, Magnús Þorgrímsson dags. 4. mars 2019, Guðmundur Tryggvi Sigurðsson dags. 4. mars 2019, Jón Eiríksson dags. 4. mars 2019, Þórunn Óskarsdóttir og Sigurður Hjartarson dags. 4. mars 2019, Guðrún Ágústsdóttir dags. 4. mars 2019, Ragnheiður Kristjánsdóttir dags. 4. mars 2019, Svavar Hrafn Svavarsson dags. 4. mars 2019, Sigurður Ingi Arnars Unuson dags. 4. mars 2019, Íris Hafsteinsdóttir dags. 4. mars 2019, Eva Yngvadóttir og Sigurjón Sigurjónsson dags. 4. mars 2019, Sigrún Jónsdóttir dags. 4. mars 2019, Ragnheiður Ólafsdóttir dags. 4. mars 2019, Anna Sif Jónsdóttir, Arnar Jónsson

og Anna Dögg Arnarsdóttir dags. 4. mars 2019, Margrét Aðalheiður Markúsdóttir dags. 4. mars 2019, Dagný Bjarnadóttir dags. 4. mars 2019, Guðrún Ísafold Hilmarsdóttir dags. 4. mars 2019, Guðmundur V. Guðmundsson dags. 4. mars 2019, Björn I. Guðmundsson dags. 4. mars 2019, Guðmundur Axel Hansen f.h. íbúa í Hólastekk 4 dags. 4. mars 2019, Kolbrún Ýr Sigfúsdóttir dags. 4. mars 2019, Lilja Sigrún Jónsdóttir dags. 4. mars 2019, Una Sigurðardóttir dags. 4. mars 2019, Torfi Stefán Jónsson dags. 4. mars 2019, Halldór Páll Gíslason dags. 4. mars 2019 og Hollvinasamtök Elliðaárdalsins dags. 4. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar dags. 4. mars 2019, umsögn Veitna dags. 13. mars 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. mars 2019. Athugasemdir kynntar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

Borgarfulltrúar taka undir sjónarmið Umhverfisstofnunar sem koma fram í 5 blaðsíðna bréfi stofnunarinnar frá 4. mars sl. sem sent er Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Þar koma fram verulegar efasemdir um að breytinguna enda gengið á einstakt grænt svæði í borgarlandinu.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Miðflokkurinn telur friðun Elliðaárdals algjört forgangsverkefni og að það verði gert í góðri sátt við íbúa borgarinnar. Telja verður með öllu óásættanlegt að fyrirhugað deiliskipulag fái afgreiðslu eða sé yfirhöfuð tekið til umræðu þar til afmörkun og friðlýsing Elliðaárdals hefur verið afgreidd í sátt við hagsmunaaðila, það er borgarbúa. Þrákelkni meirihluta Sf-Vg-C og P í þessu mikilvæga hagsmunamáli borgarbúa er með öllu óskiljanleg og virðist í engu samræmi við yfirlýst markmið þeirra um verndun grænna svæða í borginni. Að reisa glerhallir sem gnæfa yfir einni af náttúruperlum borgarbúa og fylla upp í eyðurnar með hundruðum bílastæða er óásættanlegt. Hér þarf að forgangsráða með hag borgarbúa í öndvegi. Að lokinni auglýsingu um breytt deiliskipulag hefur borist slíkur fjöldi athugasemda frá samtökum og íbúum að ekki er verjandi að halda lengra Miðflokkurinn mótmælir því harðlega að málinu verði framhaldið. Krafa okkar um vinnulag hvað varðar umdeilanlegar breytingar er einföld: Umræða-Samráð-Sátt. Þetta vinnulag þekkja góðir stjórnendur en slæmir ekki. Sá misskilningur virðist enn eina ferðina hrjá meirihluta S-Vg-C og P, að í síðustu kosningum hafi hann fengið umboð kjósenda til að framfylgja vilja sínum. Svo er ekki, hann fékk umboð til að framfylgja vilja borgarbúa.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Héðinsreitur, reitur 1.130.1**, breyting á (01.130.1) Mál nr. SN170526 deiliskipulagi 421003-3430 Teikn arkitektþjónusta ehf, Skipholti 25, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit. Breytingin nær til byggingarreita, byggðamynsturs, lóðamarka, hæða húsa og starfsemi á jarðhæðum. Felld er úr gildi byggingarheimild fyrir hjúkrunarrými og heimild bætt inn fyrir samsvarandi byggingarmagn undir íbúðir og heimild er sett inn fyrir hótél við Seljaveg, samkvæmt uppdr., greinagerð og hönnunarhandbók dags. 20. desember 2018. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 17. desember 2018. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Björgólfur Thorsteinsson f.h. Húsfélagsins Vesturgata 69-75 dags. 8. mars 2019, Sif Jónsdóttir dags. 10. mars 2019, Arný E. Sveinbjörnsdóttir f.h. íbúa í 301, Vesturgötu 73, dags. 10. mars 2019, Stefanía Helga Skúladóttir dags. 11. mars

2019, Guðrún Birna Brynjarsdóttir dags. 11. mars 2019, Hafþór Óskarsson, Unnsteinn Jóhannsson, Helga Arnardóttir, Bryndís Brandsdóttir, Birna Óskarsdóttir, Úlfar Gíslason og Marta Valgeirsdóttir dags. 11. mars 2019, Steinþór Þorsteinsson dags. 11. mars 2019, Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 11. mars 2019 og Sveinn Sigurður Kjartansson dags. 12. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 29. mars 2019 og Vegagerðarinnar dags. 4. apríl 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. mars 2019 og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 4. apríl 2019, Athugasemdir kynntar.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Smiðjustígur 10 og Klapparstígur 16,** Mál nr. SN190213
breyting á deiliskipulagi
701205-2000 Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Davíðs Kristjáns Chatham Pitt dags. 27. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg. Í breytingunni felst að lóðin Smiðjustígur 10 minnkar á lóðarmörkum austanmeginn, þ.e. lína lóðamarka færir um 1,9 metra til vesturs, og lóðin Klapparstígur 16 stækkar sem því nemur á lóðarmörkum vestanmegin ásamt því að heimilt er að koma fyrir liftustokk niður í Kjallara á sunnanverði baklóð Klapparstíg 16, samkvæmt uppdr. Davíðs Kristjáns Chatham Pitt arkitekts dags. 5. mars 2019. Í breytingu þessari er einnig gerð leiðrétting á samþykktu deiliskipulagi frá 2. desember 2005 fyrir reitinn vegna lóðastærðar Smiðjustígs 10.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

(B) Byggingarmál

9. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1015 frá 2. apríl 2019.

(C) Fyrirspurnir

10. **Hverfisgata 112 og 114,** (fsp) breyting á (01.240.0) Mál nr. SN190063
deiliskipulagi
690914-1660 Vatnaborg ehf., Kópavogsbakka 2, 200 Kópavogur
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 30. janúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi, Hlemmur, vegna lóðanna nr. 112 og 114 við Hverfisgötu sem felst í að stækka núverandi byggingar eða byggja nýtt, sameina lóðir og koma fyrir verslun og þjónustu á 1. hæð og íbúðum/hótelíbúðum á efri hæðum, samkvæmt tillögu T.ark Arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra. Einnig er lagt fram yfirlit yfir lóðarstærðir, byggingarmagn og nýtingarhlutfall dags. 8. apríl 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2019 samþykkt.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Samgöngumál

11. **Vesturbæjarskóli**, samgöngumál og Mál nr. US190099
öryggi fyrir gangandi í hjólandi við
skólann

Lagt fram bréf skólaráðs Vesturbæjarskóla og íbúasamtaka Vesturbæjar dags. 13. mars 2019 varðandi bætt samgöngumál og öryggi fyrir gangandi og hjólandi í kringum skólann
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

12. **Göngugötur 2019**, tilhögun Mál nr. US190106

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 8. apríl 2019 að eftirfarandi götur verði göngugötur frá 1. maí 2019- 1.október 2019.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins gerir alvarlega athugasemd að hafist verði handa við vinnu og forhönnun á Laugavegi og Skólavörðustíg sem var á dagskrá Skipulags- og samgönguráðs 3. apríl 2019, liður 2 og 3: Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór í borgarstjórn 2. apríl s.l. vegna tillögu Flokk fólksins þar sem farið var fram á nánara samráð um framkvæmdir við hagsmunaaðila, eldri borgar, fatlaða og almenna borgarbúa víðs vegar í borginni m.a. með vel útfærðir skoðanakönnun áréttar áheyrnarfulltrúi að, í ljós hefur komið að ekki er möguleiki að hefja undirbúning eða framkvæmdir fyrr en grenndarkynning hefur átt sér stað. Jafnframt þarf að kanna vilja allra Reykvíkinga áður en hafist er handa við svo stórtækar aðgerðir á einu vinsælasta svæði borgarinnar. Það skal jafnframt bent á að ekki stendur til að hreyfihamlaðir né aldraðir hafi aðgang að götunum þegar veður eru válynd, tal um samráð virðist hljómið eitt. Það er með ólíkindum hvernig borgarmeirihlutinn ætlar að keyra áfram þessara lokanir þrátt fyrir mótmæli ýmissa aðila. Hér skortir alla auðmýkt hjá meirihlutunum. Hér er sýndur ótrúlegur ósveigjanleiki og barnaleg þrákelkni borgarfulltrúa meirihlutans. Flokkur fólksins gerir kröfu um fullt samráð við alla borgarbúa. Annað er ólíðandi í lýðræðislegu samfélagi.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Miðflokkurinn harmar sem fyrr, að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila, íbúa og rekstraraðila, við ákvörðunartöku um að varanlegar göngugötur. Yfirlýsing borgarstjóra á fundi borgarstjórnar 4.sept. síðastliðinn um að Laugavegur skyldi verða göngugata frá Hlemmi vekur sérstaka eftirtekt, enda myndi slíkt þýða að aðkoma að 200 stæða bílastæðahúsi Bílastæðasjóðs borgarinnar lokast. Gerræðislegar yfirlýsingar sem þessi eru ekki merki um að samráð og sátt við menn og þjóð sé ofarlega á baugi hjá borgarstjóra enda hefur nú verið ákveðið að svara í engu fjölda athugasemda og undirskriftalistum er málið varða. Það kann aldrei góðri lukku að stýra þegar gerræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð. Slíkt kallar á röð vandamála og tillagan sem hér er til umfjöllunar skýrt dæmi um það:Lagt er til að aksturstepnu á hluta Laugavegs verði breytt! Fyrivaralaust og sem fyrr án nokkurs samráðs! Engin umræða – Ekkert samráð. Miðflokkurinn

mótmælir slíkum vinnubrögðum sem eru með öllu ólíðandi. Krafa okkar um vinnulag hvað varðar breytingar er einföld: Umræða-Samráð-Sátt Þetta vinnulag þekkja góðir stjórnendur en slæmir ekki. Sá misskilningur hrjáir borgarstjóra að telja sig í síðustu kosningum hafa fengið umboð kjósenda til að framfylgja vilja sínum. Svo er ekki, hann fékk umboð til að framfylgja vilja kjósenda.

Fulltrúar Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar bóka:

Reynslan af göngugötum í miðborg Reykjavíkur er góð og ánægja Reykvíkinga mikil líkt og kannanir staðfesta. Göngugötur skapa rými fyrir fólk og bæta mannlíf. Meðan göngugötur verða opnar á komandi sumri verður áfram unnið að skipulags- og hönnunarvinnu í tengslum við fyrirætlanir borgarstjórnar um göngugötur allt árið. Í þeirri vinnu verður áfram lögð rík áhersla á samráð við íbúa, atvinnulíf og aðra hagsmunahópa.

Vísað til borgarráðs

13. **Laugavegur**, breytt akstursstefna vegna göngugatna Mál nr. US190118

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 8. apríl 2019 varðandi að Laugavegur verði einstefna til austurs milli Klapparstígs og Frakkastígs, og að fyrri auglýsing um einstefnu á Laugavegi til vesturs á sama kafla verði felld úr gildi. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Miðflokkurinn harnar sem fyrr, að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila, íbúa og rekstraraðila, við ákvörðunartöku um að varanlegar göngugötur. Yfirlýsing borgarstjóra á fundi borgarstjórnar 4.sept. síðastliðinn um að Laugavegur skyldi verða göngugata frá Hlemmi vekur sérstaka eftirtekt, enda myndi slíkt þýða að aðkoma að 200 stæða bílastæðahúsi Bílastæðasjóðs borgarinnar lokast. Gerræðislegar yfirlýsingar sem þessi eru ekki merki um að samráð og sátt við menn og þjóð sé ofarlega á baugi hjá borgarstjóra enda hefur nú verið ákveðið að svara í engu fjölda athugasemda og undirskriftalistum er málið varða. Það kann aldrei góðri lukku að stýra þegar gerræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð. Slíkt kallar á röð vandamála og tillagan sem hér er til umfjöllunar skýrt dæmi um það:Lagt er til að aksturstefnu á hluta Laugavegs verði breytt! Fyrivaralaust og sem fyrr án nokkurs samráðs! Engin umræða – Ekkert samráð. Miðflokkurinn mótmælir slíkum vinnubrögðum sem eru með öllu ólíðandi. Krafa okkar um vinnulag hvað varðar breytingar er einföld: Umræða-Samráð-Sátt Þetta vinnulag þekkja góðir stjórnendur en slæmir ekki. Sá misskilningur hrjáir borgarstjóra að telja sig í síðustu kosningum hafa fengið umboð kjósenda til að framfylgja vilja sínum. Svo er ekki, hann fékk umboð til að framfylgja vilja kjósenda.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins lýsir áhyggjum sínum á að akstursstefnu verði breytt á kaflanum milli Klapparstígs og Frakkastígs úr austri til vestur í gagnstæða átt. Rökin fyrir þessar stefnubreytingu eru að meðan neðri hluti Laugavegarins verði lokaður umferð, segir í framlögðu bréfi umhverfis- og skipulagssviðs 8. apríl 2019: Með því að snúa við akstursstefnu á Laugavegi vestan Frakkastígs er dregið úr líkum á að ekið sé óafvitandi inn á

göngugötusvæðið. Búast má við að lokunin sé heft og vöktuð. Lýst er áhyggjum vegna gatnamóta Laugavegar og Frakkastígs þegar umferð úr þremur áttum mætist, sem er afar óvenjulegt fyrir borgarbúa sem hafa ekki þekkt slíkar akstursstefnur um áratugi á svæðinu og gætu því skapað talsverða slyshættu með ófyrirséðum afleiðingum.

Kl. 11:55 víkur Hjálmar Sveinsson af fundi, Aron Leví Beck tekur sæti á fundinum á sama tíma.

Vísað til borgarráðs

14. **Afnot af borgarlandi**, Reglur vegna skilta og útstillinga. Mál nr. US170055

Kynnt reynsla af reglum um afnot af borgarlandi vegna skilta og útstillinga sem samþykktar voru í mars 2017.
Kynnt

Hjalti Guðmundsson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

15. **Kringlureitur**, rammaskipulag (01.721) Mál nr. SN180331

Lagt fram bréf Atlas lögmanna f.h. eigendur Húss verslunarinnar dags. 31. janúar 2019 varðandi rammaskipulag fyrir Kringlusvæðið og áskorun um samráð áður en frekari vinna fer fram við skipulag á svæðinu.
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

Mikilvægt er að borgin tryggi samráð við hagsmunaaðila á Kringlusvæðinu. Um er að ræða einn mikilvægasta skipulagsreitinn í borginni.

16. **Landbúnaðarstefna fyrir Kjalarnes.**, Starfshópur Mál nr. US180208

Lögð fram til kynningar drög að samantekt starfshóps um landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnes, dags. 16. október 2017. Markmið og tilgangur starfshópsins var að móta frekari stefnu, og mögulega leggja fram nýjar tillögur, um landbúnað og landnýtingu á Kjalarnesi á grundvelli stefnu gildandi aðalskipulags um landbúnaðarsvæði og almennrar stefnu um þróun á Kjalarnesi.
Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri og Haraldur Sigurðsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Kópavogur**, endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024, skipulagslýsing Mál nr. SN190189
700169-3759 Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Kynnt bréf Kópavogsbæjar dags. 6. mars 2019 þar sem óskað er eftir umsögn á skipulagslýsingu Kópavogsbæjar dags. 14. febrúar 2019 vegna endurskoðunar Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024. Einnig er kynnt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 5. apríl 2019.

Kl. 12:55 víkur Hildur Björnsdóttir af fundi.

Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. **Landsskipulagsstefna**, lýsing - kynning Mál nr. SN190196
590269-5149 Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Lagt fram til kynningar erindi Skipulagsstofnunar dags. 15. og 20. mars 2019 þar sem kynnt er lýsing dags. í mars 2019 fyrir gerð Landsskipulagsstefnu. Kynningartími er til 8. apríl 2019. Einnig er kynnt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 5. apríl 2019.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

Í framlagðri umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs um landsskipulagsstefnu er ekki fjallað um orkuskipti í samgöngum sem er þó ein virkasta leið til að minnka mengun og losun gróðurhúsalofttegunda. Sá aðili sem er í bestum færum til að styðja við orkuskipti er Reykjavíkurborg, enda þéttbýlt og langstærsta sveitarfélagið. Auk þess á borgin Orkuveitu Reykjavíkur. Noregur hefur náð miklum árangri í að nýta vistvæna raforku í samgöngum. Rétt væri að borgin styddi betur við orkuskipti og sú stefnumörkun kæmi fram í umsögninni.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. **Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2019**, Mál nr. US190001
úthlutun styrkja 2019

Lagt fram í trúnaðarmálabók skipulags- og samgönguráðs tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að úthlutun styrkja úr Húsverndarsjóði árið 2019. Trúnaði verður aflétt að úthlutun lokinni.

Kl 13:23 vikur Eyþór Laxdal Arnalds af fundi.

Samþykkt
Vísað til borgarráðs

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. **Þingholtsstræti 25**, málskot (01.183.3) Mál nr. SN190111
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot P ARK teiknistofu sf dags. 18. febrúar 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 14. desember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Grundarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 25 við Þingholtsstræti sem felst í viðbygging við suðurgafli núverandi húss verði stækkuð, vestursvalir verði stækkaðar, íbúðum fjölgað, fyrirhugaður göngustígur að almenningsgarði frá Spítalastíg verði felldur niður o.fl. samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 28. ágúst 2018. Einnig er lagt fram bréf P ARK teiknistofu dags. 6. mars 2018. Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 14. desember 2018 staðfest.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. **Umhverfis- og skipulagssvið**, Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í mars 2019.

22. **Ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar,** Mál nr. US190115
kynning

Kynnt drög að ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar.
Kynnt.

Ársæll Jóhannsson verkefnisstjóri og fulltrúi Lisku ehf. Guðjón L. Sigurðsson tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

23. **Fyrirspurn fulltrúa** Mál nr. US190023
Sjálfstæðisflokksins, Heildarkostnaður
við gerð deiliskipulags Hverfisgötu 41

Lögð fram fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem óskað er eftir að fá upplýst hver heildarkostnaður við gerð deiliskipulags við Hverfisgötu 41 er og hvort borgin beri þann kostnað. Einnig ert lagt fram svar umhverfis -og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra dags. 31. janúar 2019.

24. **Álmgerði 1,** breyting á deiliskipulagi (01.803.1) Mál nr. SN180780
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
500300-2130 Landspítali, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi fyrir Landspítala Grensásdeildar vegna lóðarinnar nr. 1 við Álmgerði.

25. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A,** breyting (01.174.1) Mál nr. SN180830
á deiliskipulagi
411112-0200 Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu.

26. **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks** Mál nr. US190120
fólksins, varðandi deiliskipulag fyrir
nýjan Skerjafjörð

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins spyr hvaða undirbúningsvinna og kannanir vegna fyrirhugaðrar byggðar í Skerjafirði hafi kostað hingað til, þ.e. frá upphafi verksins til dagsins í dag. Jafnframt er beðið um upplýsingar um hvort samráð hafi verið haft við Umhverfisstofnun og önnur heilbrigðisyfirvöld varðandi eiturefni í jarðvegi frá tímum seinni heimsstyrjaldar og síðari framkvæmda ásamt starfsemi Skeljungs um árabíl. Hefur verið gerð athugun varðandi mengun bæði af hávaða og útblæstri flugvéla vegna flugumferðar um Norður-suðurbrautina. Jafnframt hvort leitað var upplýsinga frá vísindamönnum sem skoða nú áhrif hlýnunar jarðar á m.a. yfirborð sjávar. hvaða vísindamenn hefur verið leitað upplýsinga hjá og við hvaða stofnanir starfa þeir. Bent er á skýrslu Sigurðar Sigurðarsonar, Lágsvæði - viðmiðunarreglur fyrir landhæð, apríl 2018, Vegagerðin. Að lokun er spurt ekki sé hægt að minka byggingamagnið. Vísad til umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:40.

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Aron Leví Beck

Kristín Soffía Jónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 2. apríl kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1015. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Edda Þórsdóttir, Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson og Jón Hafberg Björnsson.
Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Aðalstræti 10** (01.136.504) 100594 Mál nr.
BN055993
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að tengja sýningarrými í Aðalstræti 10 og 16 með því að gera op í fullri breidd tengigangs í kjallara Aðalstrætis 10, koma fyrir pallalyftu í húsi nr. 10 og innrétt ganginn sem sýningarrými.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir dags. 23. mars 2019 og samþykki eigenda Íslandshótela dags. 9. júlí 2018.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. **Aðalstræti 16** (01.136.506) 100596 Mál nr.
BN055994
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að tengja sýningarrými í Aðalstræti 10 og 16 með því að gera gera op í fullri breidd tengigangs í kjallara Aðalstrætis 10, koma fyrir pallalyftu í húsi nr. 10 og innrétt ganginn sem sýningarrými á lóð nr. 16 við Aðalstræti.
Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU dags. 23. mars 2019 og samþykki eigenda Íslandshótela dags. 9. júlí 2018.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055598
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti og innrétt verslun í rými 0102 í millibyggingu milli T1 og T2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
4. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055914
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048688 vegna lokaúttektar þar sem brunamerkingum er breytt á 3. hæð í byggingu L 1 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

5. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055907
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til innanhússframkvæmda fyrir væntanlega verslun og úrsmíðaverkstæði ásamt starfsmannarýmum á 1. hæð í húsi T3, Tryggvagötu 25 á lóð NR. 2 við Austurbakka.
Stærð: xx ferm., xx rúmm.
Gjald: 11.200 kr.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

6. **Austurberg 2-6** (04.677.401) 112264 Mál nr.
BN055986
511115-1400 Austurberg 2-6, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir framlengingu á þaki sem og að setja upp svalaskýli á svölum 16 af 18 íbúðum hússins á lóð nr. 2, 4 og 6 við Austurberg.
Erindi fylgja fundargerðir húsfunda dags. 9. janúar, 23. apríl og 7. júní 2018.
Gjald: 11.200 kr.
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

7. **Áland 1** (01.847.101) 108719 Mál nr.
BN054942
110873-3799 Magnús Einarsson, Áland 1, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar steinsteypta viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr.1 við Áland.
Útskrift úr embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2018.
Stækkun: 59.3 ferm., 183.8 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. **Ármúli 19** (01.264.104) 103531 Mál nr.
BN055910
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga innanhúss auk útlitsbreytinga á suð-austurhlíð húss á lóð nr. 19 við Ármúla. Jafnframt er erindi BN055873 dregið til baka.
Gjald: 11.200 kr.
Frestað.
Vísað til athugasemda.

9. **Baldursgata 13** (01.184.511) 102116 Mál nr.
BN055866
680269-5649 Haagensen ehf., Njálsgötu 13b, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka gólf um 50 cm og breyta innra skipulagi ósamþykkrar íbúðar í kjallara þannig að hún öðlist gildi sem samþykkt íbúð í húsi nr. 13 á lóð við Baldursgötu 13 og Óðinsgötu 25.
Stækkun: 0.0 ferm., 28.3 rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi nr. 13 við Baldursgötu og Óðinsgötu 25, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2019.
Gjald: 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
10. **Barðastaðir 25-35** (02.404.502) 178850 Mál nr.
BN055868
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka eldhús, innréttu hluta anddyris sem skrifstofu og uppfæra brunavarnir í notkunarflokk 6, í húsinu á lóð nr. 35 við Barðastaði.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
11. **Básendi 11** (01.824.206) 108403 Mál nr.
BN055830
110946-3769 Ingi Tómas Björnsson, Sóleyjargata 9, 900 Vestmannaeyjar
Sótt er um leyfi til þess að rífa steinsteyptar svalir rishæðar og byggja í þeirra stað stærri stálsvalir á suðausturgafli húss á lóð nr. 11 við Básenda.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. mars 2019 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. **Blikastaðavegur 2-8** (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN055920
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055601 þannig að húsi er breytt í stálgrindarhús, klætt lóðréttum yleiningum, bygging hækkar og komið fyrir stiga á húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðarveg.
Minnkun: 3,7 ferm.,
Stækkun: 1.306,7 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN055984
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innréttu suðurhluta 5. hæðar Katrínartúns 4 sem er verslunar- og skrifstofuhús á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
14. **Bragagata 22** (01.186.642) 102337 Mál nr.
BN055558

090366-2469 Tove Elizabet Gulbrandsen, Noregur, Sótt er um samþykki fyrir áður gerðri íbúð í verslunarrými á 1. hæð húss á lóð nr. 22 við Bragagötu. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2017 við fyrirspurn SN70809.

Einnig fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt og bréf hönnuðar dags. 5. mars 2019.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

15. **Brautarholt 8** (01.241.205) 103023 Mál nr.
BN055557

070353-2889 Helgi Þorgils Friðjónsson, Bólstaðarhlíð 10, 105 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN054849 vegna lokaúttektar sem felst í færslu á svölum og breytingum á innra fyrirkomulagi íbúðar 0202 í húsi á lóð nr. 8 við Brautarholt.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

16. **Breiðagerði 4** (01.816.002) 108070 Mál nr.
BN055815

250459-3359 Hugrún Stefánsdóttir, Breiðagerði 4, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050798 v/lokaúttektar þannig að innrétað hefur verið baðherbergi í holi í rishæð einbýlishúss á lóð nr. 4 við Breiðagerði.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

17. **B-Tröð 5** (04.765.305) 112475 Mál nr.
BN055900

201164-3629 Lára Jóhannsdóttir, Hörðukór 3, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta eign 0106 þannig að settar verða upp átta stúur í húsinu ásamt heygeymslu, einnig verður byggð kaffistofa á millipalli í hesthúsi á lóð nr. 5 við B-Tröð.

Stækkun: 37,0 ferm.,

Heildarstærð húss eftir stækkun: 374,8 ferm, 1.334,7 rúmm.

Erindinu fylgir samþykki eigenda, ódagsett.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. **Döllugata 4** (05.113.706) 214845 Mál nr.
BN055846

160678-5859 Guðrún Davíðsdóttir, Álfheimar 29, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með auka íbúð og innbyggðum bílskúr úr CLT krosslímdum timbureiningum á staðsteyptum grunni á lóð nr. 4 við Döllugötu.

Stærðir:

A-rými: 344.4 ferm., 1.431.0 rúmm.

B-rými: 3.9 ferm.

Nýtingarhlutfall: 0.50

Erindi fylgir lóðablað 5.113.7 dags. 21. febrúar 2008 og hæðablað Reynisvatnsás, Döllugata 2-10 og Gissurargata 1-7 dags. 11. mars 2008.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2019.

19. **Döllugata 10** (05.113.709) 214848 Mál nr.
BN055841
220856-7049 Anna Ingibjörg Hjaltalín, Smárarími 44, 112 Reykjavík
020259-4859 Stefán Gunnar Jósafatsson, Smárarími 44, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með auka íbúð og innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 10 við Döllugötu.
Stærð, A-rými: 337,9 ferm., 951,2 rúmm. B-rými: 88,2 ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
20. **Efstaleiti 19** (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN055992
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052547 v/lokaúttektar þannig að gerð er grein fyrir breytingum sem orðið hafa á byggingartíma s.s. breytt staðsetning á nokkrum svölum, fyrirkomulagi geymsla í kjallara hefur verið breytt og stigar og yfirborðsefni þaksvala hefur verið samræmt við brunahönnun fjölbýlishúsa við Lágaleiti 1, 2, 3, 4, 5, 7 og 9 og Vörðuleiti 2 á lóð nr. 19 við Efstaleiti.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
21. **Einarsnes 30-32** (01.671.202) 106771 Mál nr.
BN055876
311079-5819 Helga Árnadóttir, Einarsnes 32, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til stækkunar íbúðar út á þaksvalir efri hæðar í parhúsi nr 32, breyta innra skipulagi og sameina matshluta matshluta 02 og 04 á lóð 30-32 við Einarsnes.
Stækkun: 23,7ferm., 77.0 rúmm.
Stærð: A-rými: 226.7 ferm., 709.4 rúmm.
Nýtingarhlutfall: 0.57.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 8. mars 2019
Jafnframt er erindi BN055995 dregið til baka.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
22. **Engjasel 70-86** (04.947.303) 113059 Mál nr.
BN055988
430610-0820 Engjasel 84-86, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að klæða suðvestur- og norðausturhlíð með sléttri álklæðningu á undirkerfi úr áli og einangra á milli með 50mm harðpressaðri steinullareinangrun á húsi nr. 84-86 á lóð nr. 70-86 við Engjasel.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 25. mars. 2019 fylgir erindi. Einnig samþykki frá lögboðuðum húsfélagsfundi.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

23. **Fákafen 9** (01.463.401) 105678 Mál nr.
BN055991
510918-1500 108 Matur ehf., Heiðargerði 15, 108 Reykjavík
